

Torfalækjarhreppur:

Vegur að skilarétt við Stóru-Giljá af Norðurlandsvegi.

2. gr.

11. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 100 þúsund krónum, nema þyngri hegning liggi við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga, nr. 6 25. mars 1977, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 27. febrúar 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

20. mars 1979.

Nr. 139.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Blönduóshrepps,
nr. 263 30. maí 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld:

- a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 21.00 á brúttórúmllest.
- b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 10.50 á brúttórúmllest.
- c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 21.00 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d) Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 400.00 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 7 000.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðsla lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látta, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 10.50 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftast en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 1 135.00 af hverri brúttórúmllest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 383.00 fyrir hver 1000 kg.
 2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 810.00 fyrir hver 1000 kg.
 3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 2 241.00 fyrir hver 1000 kg.
 4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 219.00 fyrir hvern rúmmetra.
- Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 185.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 126 7. mars 1978.

Samgönguráðuneytið, 20. mars 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 130 21. apríl 1976
um gatnagerðargjöld í Kópavogi.**

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 2. gr. bætist nýr liður svohljóðandi: „Opin skýli, sem reft er yfir 1.5%“.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51 16. maí 1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 5. mars 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um friðland við Gullfoss.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Gullfoss ásamt næsta nágrenni vestan Hvítár í Biskupstungnahreppi, Árnessýslu og er svæðið friðland.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Að austan ræður Hvítá, en Gullfoss er allur innan friðlandsins. Að sunnan og suðvestan að Selvörðu ræður girðing friðlandsins, en lega hennar er sem hér segir: